

Nd.

75. Nefndarálit

[70. mál]

um frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

Frá 2. minni hl. samgöngunefndar.

Það hlýtur að teljast mjög óæskilegt að ríkisvaldið grípi inn í samningagerð aðila vinnumarkaðarins og slík afskipti þarf að rökstyðja mjög vel. Ekki verður með nokkrum rétti sagt að sýnt hafi verið fram á að slík aðgerð sé óhjákvæmileg í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. Alvarlegust er sú aðför að frjálsum samnings- og verkfallsrétti sem felst í þessari íhlutun stjórnvalda þegar á fyrsta degi vinnustöðvunar.

Þar sem það er mat undirritaðra að alls ekki hafi verið reynt sem skyldi að komast að samkomulagi eftir eðlilegum leiðum erum við andvíg þessu frumvarpi og leggjum til að það verði fellt.

Alþingi, 23. okt. 1985.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr.

Steingrímur J. Sigfússon,
frsm.